



Alþingi
Erindi nr. P 132/166
komudagur 25.11.2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110087

091.1

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð


Vísað er til bréfs samgöngunefndar þann 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn lýsir sig fylgjandi því að settur verði upp sérstakur fjarskiptasjóður sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglu og almannaþinga í umboði dómsmálaráðherra og starfrækir fjarskiptamiðstöð vegna fjarskipta og verkefnastýringar lögreglu sem grundvallast á Tetra fjarskiptum, auk þess að reka VHF fjarskiptakerfi almannaþinga sem er orðið gamalt og úr sér gengið.

Eitt brýnasta verkefnið á sviði löggæslu, björgunarmála og almannaþinga er að koma á samræmdu neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi sem nái til alls landsins fyrir viðbragðsaðila þ.m.t. lögreglu og almannaþinga. Kerfi sem sé aðskilið frá almennum símkerfum og sérstaklega byggt til afnota fyrir viðbragðsaðila og öryggisþjónustu. Tilkoma Tetra fjarskiptakerfisins hefur tryggt stóru samvinnu og samhæfingu lögregluliða og samstarfsaðila lögreglu á vettvangi á því svæði sem kerfið nær til. Ríkislögreglustjórinn leggur áherslu á nauðsyn þess að tryggður verði aukin dreifipéttleiki kerfisins þannig að það nái einnig til hinna dreifðu byggða landsins. Lögreglulið víða á landsbyggðinni og aðrir viðbragðsaðila hafa í reynd treyst á NMT fjarskiptakerfið sem þó hefur verið ófullnægjandi varðandi þarfir lögreglu. Því er brýnt að bætt verði úr fjarskiptamálum á landsbyggðinni áður en NMT kerfið verður lagt niður.

Ríkislögreglustjórinn leggur til að skýrt verði kveðið á um í 2. gr. um hlutverk sjóðsins að það taki einnig til uppbyggingar á öryggis- og neyðarfjarskiptakerfi sem nái til alls landsins. Þá leggur ríkislögreglustjórinn til að tryggt verði að fulltrúi dómsmálaráðuneytiss sem fer með málefni löggæslu, björgunarmála og almannaþinga, eigi sæti í stjórn sjóðsins, en um skipan hans er kveðið í 3. gr. frumvarpsins.


Steinar Adolffson


Jón Bjartmarz